

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu á Akranesi.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsunar-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

#### 2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 8.137 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar. Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum og 240 l einingu:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1. ( 1,0 ein.)	11.330	11. ( 35,0 ein.)	396.550
2. ( 2,0 ein.)	22.660	12. ( 40,0 ein.)	453.200
3. ( 2,8 ein.)	32.574	13. ( 45,0 ein.)	509.850
4. ( 6,0 ein.)	67.980	14. ( 50,0 ein.)	566.500
5. ( 9,4 ein.)	107.120	15. ( 60,0 ein.)	679.800
6. (14,3 ein.)	162.869	16. ( 75,0 ein.)	849.750
7. (18,7 ein.)	212.438	17. ( 90,0 ein.)	1.019.700
8. (24,0 ein.)	269.088	18. (105,0 ein.)	1.189.650
9. (28,0 ein.)	318.656	19. (120,0 ein.)	1.359.600
10. (33,0 ein.)	375.306	20. (135,0 ein.)	1.529.550

Aðilar, sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á gámastað greiða sorpeyðingargjald sem nemur 75% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá b.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka, m.a. eftir magni og umfangi úrgangs.

Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

#### 3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.785 með vsk. á ári, kr. 982,12 pr. mánuð. Leiga 1100 lítra kerja er kr. 13.220 með vsk. á ári, kr. 1.101,68 pr. mánuð. Verð er með virðisaukaskatti.

#### 4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 2.060 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir dekk greiðast kr. 4.120 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.090 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 3.296 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði.

Fyrir blandað sorp greiðast kr. 7.725 fyrir tonnið.

#### 5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 515 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

## 6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

## 7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

## 8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 ltr. sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l ílát. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

## 9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 1999.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Eyrarsveit.

## 1. gr.

Sveitarstjórn Eyrarsveitar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu í Eyrarsveit.

## 2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) með fasteignagjöldum ár hvert. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir og íbúðarhúsnæði: Sorphreinsunargjald kr. 5.000 og sorpeyðingargjald kr. 2.000.
- b) Fyrirtæki, stofnanir og aðrir sambærilegir lögaðilar: Sorphreinsunargjald er kr. 5.000 á fyrirtæki miðað við hvert sorpílát (sorppoka). Sorphreinsun fer fram hjá aðilum er skipast í flokka 1–3, fyrirtæki í flokki 4–7 sjá sjálf um að koma sorpinu á sorpeyðingarstað.

## Flokkur

1	2.000 kr.	Fyrirtæki þar sem áætlað magn sorps er það sama og heimilissorp.
2	9.000 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps allt að 16 m <sup>3</sup> á ári.
3	15.300 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 16 m <sup>3</sup> – 32 m <sup>3</sup> á ári.
4	26.000 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 32 m <sup>3</sup> – 48 m <sup>3</sup> á ári.
5	44.200 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 48 m <sup>3</sup> – 64 m <sup>3</sup> á ári.
6	75.200 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 64 m <sup>3</sup> – 96 m <sup>3</sup> á ári.
7	120.000 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 96 m <sup>3</sup> eða meira á ári.